


23. ágúst 2021

## HYGGILEGT AÐ HÆKKA EKKI VEXTI

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að peningastefnunefnd Seðlabankans fari varlega í vaxtahækkunir um þessar mundir. Ljóst er að verðbólgan er að stórum hluta tímabundin og góðar líkur á að hún hjaðni nokkuð hratt á næstunni en hún er þegar byrjuð að hjaðna. Í ljósi stöðu Covid er hins vegar mikil óvissa um efnahagshorfur. Bólusetning hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir og nýtt afbrigði veirunnar er í mikilli útbreiðslu bæði hér á landi og erlendis. Efnahagsbatinn sem nú má greina í hagtolum er því brothættur. Atvinnuleysi er enn umtalsvert og langtímaatvinnuleysi áhyggjuefni. Þrátt fyrir að eftirspurn hafi tekið við sér eru mörg fyrirtæki enn að glíma við mjög erfiðar afleiðingar efnahagsniðursveiflunnar. Mikilvægt er að mati SI að peningastefnunefndin leyfi efnahagsbatanum að njóta vafans um þessar mundir og fari hægt í hækkun vaxta. Þrjú vaxtaákvörðunardagar eru til áramóta en sá næsti er 25. ágúst. Gefur það nefndinni svigrúm til að fara sér hægt. Telja samtökin að bankinn ætti ekki að hækka vexti 25. ágúst. Skaðinn sem fylgir hörðum aðgerðum í peningamálum um þessar mundir eru mun meiri en ávinningurinn að mati SI.



## PENINGASTEFNUNEFNDIN ÞARF AÐ FARA VARLEGA


Við þessar aðstæður stendur peningastefnunefndin frammi fyrir því vali að ná verðbólgunni niður hratt eða stöðja efnahagsbatann. Ljóst er að vaxtahækkunir munu hafa mikil áhrif á bæði fyrirtæki og heimili og hægja mjög á efnahagsbatanum. Kemur vaxtahækkunin sérstaklega hart niður á skuldsettum fyrirtækum og heimilum, þ.m.t. þeim sem hafa orðið illa úti efnahagslega í faraldrinum. Hækkun vaxta dregur úr fjárfestingum fyrirtækja og heimila sem fyrir eru litlar. Kostnaður harðra aðgerða í peningamálum til að snúa verðbólguna snarlega niður er því mjög mikill. Langtíma verðbólguvæntingar við verðbólguþátt bankans sýna trausta kjölfestu markmiðsins. Gefur það peningastefnunefndinni svigrúm til að taka tillit til efnahagsbatans við ákvarðanir sínar nú. Að mati SI getur nefndin hæglega náð verðbólgu niður í markmið án harðra aðgerða í peningamálum.

Vaxtahækkunarferill Seðlabankans hófst með vaxtahækkun bankans í lok maí síðastliðnum. Allir nefndarmenn voru þá þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að hækka vexti bankans á þeim tímapunkti til að viðhalda kjölfestu verðbólguvæntinga í verðbólguþéttunum. Nefndin ræddi um hvort hækka ætti vexti um 0,25 prósentur eða 0,5 prósentur. Það var mat nefndarinnar að mikilvægt væri að sporna gegn auknum verðbólguþrýstingi með hækkun vaxta en um leið stíga varlega til jarðar til að varðveita efnahagsbatann. Hækkun um 0,25 prósentur varð því niðurstaðan. Að mati SI er gott er að nefndin sjái þörf á að fara varlega við þessar aðstæður.

## VERÐBÓLGAN AÐ HJAÐNA

Verðbólgan er nú farin að lækka eftir að hafa aukist nokkuð hratt frá miðju síðastliðnu ári fram til apríl í ár. Hún mælist nú 4,3% eftir að hafa farið í 4,6% í apríl síðastliðnum. Aukna verðbólgu mátti skýra að stærstum hluta með Covid tengdum þáttum t.d. lækkun á gengi krónunnar. Hjöðnun verðbólgunnar undanfarið er í takti við það sem komið hefur fram í opinberum verðbólguþáttum en því hefur verið spáð að um sé að ræða tímabundið verðbólguþéttun. Spár hljóða upp á að verðbólgan muni hjaðna nokkuð hratt á næstu mánuðum.

Mælingar á verðbólguvæntingum benda til þess sama og verðbólguþáttar. Könnun meðal aðila á fjármálamarkaði sýnir væntingar þeirra um hratt hjaðnandi verðbólgu á næstunni. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til skemmri tíma sem hækkaði með aukinni verðbólgu fram á þetta ár hefur verið að lækka í sumar. Verðbólguvæntingar til lengri tíma hafa einnig haldist nokkuð stöðugar og við markmið bankans þrátt fyrir aukna verðbólgu. Hvor tveggja er jákvætt og endurspeglar trú á verðbólguþéttun bankans.



Hjaðnandi verðbólga og væntingar um frekari lækkun hennar næstu mánuði endurspeglar þá trú að hluti verðbólgunnar sé vegna tímabundinna þátta tengdum efnahagsáhrifum Covid. Hluti verðbólgunnar er einnig vegna þátta sem eru utan áhrifasviðs Seðlabankans. Faraldurinn hefur þannig stuðlað að verulegum verðhækkunum ýmissa aðfanga og ekki síst á hrávöru. Olíuverð hefur t.d. hækkað verulega og umtalsverðar hækkunir hafa orðið á flutningskostnaði. Aðföng sem nýtt eru í iðnaði hafa t.d. hækkað umtalsvert af þessum sökum. Margt bendir til þess að hér sé um tímabundin áhrif að ræða. Verð á timbri hefur t.d. þegar lækkað umtalsvert eftir að hafa hækkað verulega frá upphafi Covid faraldursins. Réttast er að mati SI að peningastefnunefnd Seðlabankans sleppi þessum áhrifum á verðbólgunna í gegn án aðgerða. Í ljósi verðbólguvæntinga er nefndin einnig í stöðu til þess.

Þessu til viðbótar virðist nú vera að draga úr hækkun húsnæðisverðs, sem hefur verið vaxandi þáttur í verðbólgunni undanfarið, en ljóst er að áhrif vaxtahækkunarinnar í maí og lækkunar veðsetningarhlutfalls eru að hafa þar áhrif og munu gera áfram á næstunni.

## BROTTHÆTTUR EFNAHAGSBATI

Efnahagsbatinn er hafinn og bera hagvísar þess merki. Má þar nefna að hið mikla atvinnuleysi sem skapaðist eftir tilkomu Covid er nú að minnka. Störfunum er að fjölga. Það er mjög mikilvægt en eftir því sem efnahagssamdrátturinn dregst á langinn verður vandi langtímaatvinnuleysis meiri. Atvinnuleysið er hins vegar enn mikið og langtímaatvinnuleysi er vaxandi vandamál.

Batinn sést nú í flest öllum greinum efnahagslífsins, þ.m.t. í iðnaði. Gjaldeyrstekjur eru á uppleið og veltan að aukast. Neysla heimilanna hefur tekið við sér. Fjárfestingar einkaaðila hafa hins vegar farið hægt af stað eftir að hafa dregist talsvert saman í niðursveiflunni. En efnahagsbatinn er brothættur. Staða margra fyrirtækja er enn slæm eftir efnahagsniðursveifluna. Skuldastaðan er víða erfið og eftirspurn lítil þó að hún hafi tekið við sér. Hið nýja delta afbrigði Covid hefur hægt á batanum og aukið óvissu um efnahagsframvindu á næstunni. Afbrigðið hefur verið að dreifast hratt út bæði hér á landi og erlendis. Ljóst er að bólusetningin er ekki jafn mikil vörn og vonast var eftir. Baráttunni við veiruna og efnahagslegum áhrifum hennar er því ekki lokið.